

Alþingi  
Erindi nr. Þ 121 / 1487  
komudagur 9 / 4 1997



VERSLUNARRÁÐ  
ÍSLANDS

ICELAND CHAMBER  
OF COMMERCE

Stofnað 1917

SAMTÖK ÍSLENSKS  
VIÐSKIPTALÍFS

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis  
b/t Guðjón Rúnarsson, nefndarritari.

Reykjavík 7. apríl 1997.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.

Verzlunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir að leita álits ráðsins á frumvarpi til breytinga á lögum um virðisaukaskatt (437. mál).

Verzlunarráð Íslands vill gera nokkrar athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp.

**2. gr.**

Í 1. mál. 2. gr. frumvarpsins er lagt til að greiða beri virðisaukaskatt af framleiðslu/þjónustu til eigin nota enda sé viðkomandi þjónustu í samkeppni við skattskylda aðila. Ljóst er að ýmis konar afmörkunarvandamál munu koma upp hvað þetta varðar og væri æskilegt að ákvæðið væri skýrara, t.a.m. með dæmum. Verður að telja að orðalag ákvæðisins sé mun víðtækara en þau sjónarmið sem fram koma í greinargerð. Að síðustu má benda á að ákvæðið virðist breyta litlu í reynd þar sem fjármálaráðherra er falið, í lok ákvæðisins, að setja stjórnvaldsfyrirmæli um það atriði sem mestu ræður við beitingu þess, þ.e. um það "hvenær starfsemi geti verið í samkeppni við atvinnufyrirtæki...".

Í frumvarpinu er lagt til að greiddur skuli virðisaukaskattur af eigin vinnu við byggingar húsnæðis til eigin nota ef byggjandi nýtir sér vinnuafli launþega við hönnun eða framkvæmdir. Telja verður þörf á að skýra þetta frekar, þannig að fullljóst sé að átt er við launþega í þjónustu byggjandans en ekki launþega í þjónustu annarra, t.d. arkitektastofu eða smíðaverkstæðis. Verður að telja fulllangt gengið í skattheimtu ef skattleggja á eigin vinnu húsbýggjenda. Jafnframt verður að teljast óeðlilegt ef ætlunin er að láta einstaklinga greiða virðisaukaskatt af vinnu við viðhald og endurbætur á eigin húsnæði.

Póstáritun:  
Verzlunarráð Íslands  
Húsi verslunarinnar  
Kringlan 7  
103 Reykjavík

Sími: 588 6666  
Bréfsími: 568 6564  
Netfang: mottaka@chamber.is

#### 6. gr.

Í 6. gr. er veitt heimild til þess að leggja á álag ef endurgreiðsla skv. tilteknum málsgreinum 42. og 43. gr. hefur talist of há. Álag felur í sér refsikennnd viðurlög og því verður að telja að ekki sé ástæða til að beita því nema sá sem endurgreiðslunnar hefur notið beri ábyrgð á því að hún reyndist of há.

Því er lagt til að við ákvæðið bætist:

**“.....verið of há vegna atvika sem viðkomandi aðili ber ábyrgð á.”.**

#### 7. gr.

Ef veita á heimild á borð við þá sem fyrirfinnst í 5. mgr. 28. gr. verður að telja 15 daga heldur lítinn tíma til að koma tekjuskráningarkerfi og bókhaldi í lag, einkum með hliðsjón af þeim þvingunarúrræðum sem beita má innan þess tíma. Af þessum sökum er spurning hvort að veita ætti lengri frest og setja **töluna 25.**

#### 9. gr.

Í 9. gr. frumvarpsins, 1. tl., er lagt til að ritað mál sem sent er opinberum stofnunum án endurgjalds og ekki í viðskiptaskyni undanþegið greiðslu virðisaukaskatts. Sama heimild er sett hvað aðra aðila varðar en þó með því skilyrði að fob-verðmæti sendingana fari ekki yfir 5.000 krónur. Ekki verður séð á hvaða rökum umrædd krónutöluviðmiðun byggir enda er hún ekki rökstudd í greinargerð. Telja verður að einungis í undantekningatilvikum sé ritað mál, fyrir hærri upphæð en 5000 krónur, sent án endurgjalds (og ekki í viðskiptaskyni) á milli landa. Af þeim sökum er umræddri krónutöluviðmiðun ofaukið

Því er lagt til að brott falli:

**“,enda fari fob-verð sendingar ekki yfir 5.000 kr.”.**

Í 2. tl. er einnig að finna krónutöluviðmiðun sem telja verður óeðlilega lágur, m.a.a. með tilliti til orða í greinargerð um að með ákvæðinu eigi að tryggja innflutning sýnishorna og bæklinga. Telja verður að upphæð þessa ætti hiklaust hækka í t.a.m. 10.000 krónur ef eitthvert gagn á að vera af undanþágunni.

**Því er lagt til að 1.500 kr. breytist í 10.000 kr.**


#### 11. gr.

Í 11. gr. er veitt heimild til þess að endurgreiða opinberum stofnunum virðisaukaskatt vegna kaupa á tiltekinni vöru eða þjónustu. Full ástæða er til þess að kanna hvort að ákvæði þetta eigi að vera almennt, einkum þegar um er að ræða stofnanir sem stunda ekki samkeppnisstarfsemi af neinu tagi. **Almennt ákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts í þessum tilvikum** gæti leitt til þess að opinberar stofnanir myndu frekar kaupa þjónustu utanaðkomandi aðila í stað þess að auka við starfsmannahald sitt.

Ef ætlunin er að telja upp í ákvæðinu, sérgreint, þá vöru eða þjónustu, sem heimilt er að endurgreiða er full ástæða til þess að sérstaklega sé rökstutt af hverju endurgreiða á umrædda þjónustu og kannað hvort ekki sé ástæða til að **bæta við annarri þjónustu.** Má þar t.a.m. nefna ýmis konar

vélaþjónustu; bæði á stærri vélum og hugbúnaðarkerfum. Í því sambandi má benda á að fyrir liggur það álit RSK, að ef opinber stofnun gerir þjónustusaming við tölvuvinnslufyrirtæki um rekstur hugbúnaðarkerfis þá fæst virðisaukaskattur af kostnaði við vélaþjónustuna ekki endurgreiddur, en hins vegar er skatturinn vegna vinnu forrita/kerfisfræðinga endurgreiddur.

Virðingarfyllt  
f.h. Verzlunarráðs Íslands,

  
Jónas Fr. Jónsson,  
aðstoðarframkvæmdastjóri.